

Vorferð Jöklarannsóknafélags Íslands, 2001

Magnús Tumi Guðmundsson

Raunvísindastofnun Háskólans, Hofsvallagötu 53, 107 Reykjavík; mtg@raunvis.hi.is

INNGANGUR

Ferðin var farin dagana 1.–10. júní. Lagt var af stað úr Reykjavík um kvöldmatarleytið á föstudag 1. júní og gisti í Jökulheimum um nóttina. Daginn eftir hélt hópurinn upp Tungnaárjökul áleiðis í Grímsvötn og Gjálp. Farartækin voru snjóbíll Landsvirkjunar, jeppar og vélsleðar. Gekk ferðin uppeftir með afbrigðum vel enda var færið gott. Sleðahýsi Landsvirkjunar var flutt beint í Gjálp ásamt heitavatnsbor. Þar urðu fjórir eftir til að vinna við boranir. Hinir héldu beint á Grímsfjall. Þar var búist um og verkefni vinnunnar undirbúin. Fararstjóri í ferðinni var Magnús Tumi Guðmundsson en matarbirgðastjóri var Sjöfn Sigsteinsdóttir.

Allvel gekk að vinna verkefni ferðarinnar. Veður var gott að öðru leyti en því að inniseti var þriðjudaginn 5. júní þegar hvassviðri af norðri gekk yfir með skafrenningi og ofankomu. Veðrinu slotaði á miðvikudag og þrátt fyrir tafirnar náðist að vinna öll áætluð verk. Selstaða var í Gjálp fram á föstudag 8. júní og dvöldu þar að jafnaði fjórir úr hópnum. Fjögurra manna hópur fór til Kverkfjalla fimmtudaginn 7. júní og gisti þar um nóttina. Daginn eftir vann þessi hópur að endurbótum á húsinu. Á föstudeginum 8. júní var farin hópferð í Kverkfjöll í fyrirtaksveðri með viðkomu í Gjálp á heimleið. Laugardaginn 9. júní var síðan haldið niður Tungnaárjökul til Jökulheima. Færi var nú þyngra en helgina áður. Krapa var víða og seinfarið neðantil. Einn bíll festist kyrfílega í krapanum og náðist ekki upp fyrr daginn eftir. Ekki aftraði það því að haldin var grillveisla í Jökulheimum á laugardagskvöldið. Oftast hefur veisla þessi verið haldin á Grímsfjalli en í þetta sinn þótti reynandi að breyta til. Þótti það takast með ágætum. Síðdegis sunnudaginn 10. júní var haldið úr Jökulheimum til Reykjavíkur.

Gekk sú ferð stóráfallalaust. Þó fór það svo að einn bíllinn bilaði á Ölfusárbrú, og var það einmitt sá sem dró sleðahýsið. Þurftu þeir Þorsteinn og Hannes að láta bíl og æki renna til baka austur af brúnni á móti umferðinni. Mátti þar engu skeika því ef húsið færi þversum hefði brúin lokast en slíkt er aldrei vinsælt. En allt tókst þetta giftusamlega, annar stýrði en hinn ýtti og síðan var driflokan sem brotnað hafði soðin saman. Til Reykjavíkur var komið á nokkuð hefðbundnum jöklaferðatíma nokkru eftir miðnætti.

RANNSÓKNIR

Unnið var að allmörgum rannsóknarverkefnum í ferðinni eins og endranær. Fyrirferðarmestar voru mælingar tengdar umbrotum síðustu ára í Gjálp og Grímsvötnum. Verkefnin voru:

1. Vetrarafkoma í Grímsvötnum var mæld þann 3. júní á venjubundnum borstað í miðjum vötnunum (64°24.95'N, 17°20.20'V). Snjólagið mældist 3.8 m á þykkt og vatngildi þess 2.1 m. Afkoma var einnig mæld á Bárðarbungu, Háubungu og tveimur stöðum norðan Grímsvatna. Á öllum þessum stöðum var vetrarafkoman undir meðallagi.
2. Vatnshæð Grímsvatna mældist 1370 m y.s. Vatnshæðin hefur verið lág (lengst af 1350–1390 m) allt frá því eftir Gjálpargos. Leki og tíð smáhlaup hafa einkennt Grímsvötn þessi ár.
3. Yfirborð Grímsvatna var kortlagt með DGPS mælingum. Er þannig fylgst með breytingum á ísbræðslu vegna jarðhita. Einnig var gígurinn frá 1998 kannaður, einkum þróun jarðhita í honum og í næsta nágrenni hans. Enn er mikill hiti í gígnum.
4. Unnið var að viðhaldi og endurbótum á gufurafstöðvum á Grímsfjalli. Einnig var komið fyrir lokuðu kerri með loftlögnum fyrir rafstöð sem þjóna mun sem

varaafgjafi í framtíðinni ef gufurafstöðvarnar bila. Mun rekstraröryggi mælitækjanna aukast mjög við tilkomu þessarar rafstöðvar.

5. Settar voru upp og mældar inn tæplega 50 ísskriðsstikur í Grímsvötnum og Gjálp. Verður vitjað um þær aftur í haustferð.

6. Gjálparsvæðið var kortlagt með DGPS til að fylgjast með uppfyllingu sigdældarinnar frá í gosinu 1996.

7. Boraðar voru 3 holur með heitavatnsbor í Gjálp. Allar náðu niður á tindinn sem myndaðist í gosinu 1996. Er ein holan beint yfir háhrygg fjallsins (73 m djúp) en hinar tvær lentu ofarlega í austurhlíðum þess (um 150 m djúpar). Náðust sýni af gosefnum og hitastig var mælt í botni holanna. Reyndist það við frostmark á öllum stöðunum. Sýni verða rannsökuð m.t.t. hugsanlegar móbergsmyndunar.

8. Nákvæm GPS tæki voru notuð til að landmæla hnit fastpunkta á Grímsfjalli, Hamrinum og í Jökulheimum til að fylgjast með hugsanlegri útpenslu Grímsvatna í kjölfar gossins 1998.

9. Vitjað var um sjálfvirkar veðurstöðvar LV og RH á Tungnaárjökli og Brúarjökli.

10. Gerðar voru íssjarmælingar á svæði norðan Esju fjalla dagana 7. og 8. júní.

11. Hveradalurinn í Kverkfjöllum og Gengissigið voru kortlögð með DGPS og staðsetningar helstu hvera í Hveradalnum mældar. Gengissigið var í þetta sinn undir þykkum lagnaðaris og snjóþekja ofan á honum.

Auk ofangreindra rannsóknarverkefna var borin fúavörn á öll húsin á Grímsfjalli og smíðaður var pallur við suðurgafi Kverkfjallaskála. Gerir pallurinn húsið þægilegra fyrir gesti sem þangað koma.

Landsvirkjun lagði fram sleðahýsi og snjóþél sinn með bílstjóra. Vegagerðin styrkti félagið til eldsneyt-

iskaupa og flutninga. Hjálparsevit Skáta í Reykjavík lagði félaginu lið við flutninga að og frá jökli. Þessi aðstoð er félaginu mikilvæg og hana ber að þakka.

Ferðin 2001 var 48. vorferð JÖRFÍ. Einnig voru 45 ár liðin frá fjórðu vorferð félagsins, en hún var farin í júní 1956. Sú ferð var fyrir margra hluta sakir merkileg. Sett voru upp landmælingamerki á marga helstu tinda Vatnajökuls og síðast en ekki síst var hún brúðkaupsferð Huldu Filippusdóttur og Árna Kjartanssonar. Í þeirri ferð lá leiðin um skeifulaga bungu sunnan til við Kverkfjöll. Hlaut hún nafnið Brúðarbunga og varð þannig minnisvarði um þessa fyrstu brúðkaupsferð á Vatnajökul. Í ferðinni nú var einnig farið um Brúðarbungu í Kverkfjöll. En það sem meira var um vert, Árni og Hulda voru með í ferðinni eins og fyrir 45 árum. Nú eru bæði heiðursfélagar Jökla-rannsóknafélagsins. Einnig voru með í för heiðursfélagarnir Ingibjörg Árnadóttir (sem líka var með 1956) og Ólafur Nielsen. Tryggð gamalla féлага við JÖRFÍ er félaginu dýrmat.

Þátttakendur

Allan tímann voru:

Árni Páll Árnason, Árni Kjartansson, Ásbjörn Jóhannesson, Bryndís Brandsdóttir, Eggert Eggertsson, Finnur Pálsson, Gwenn Flowers, Halldór Gíslason yngri, Hannes H. Haraldsson, Hálfván Ágústsson, Hulda Filippusdóttir, Ingibjörg Árnadóttir, Jóna Bryndís Guðbrandsdóttir, Jósef Hólmjárn, Kirsty Langley, Magnús T. Guðmundsson, Mattias Lindman, Ólafur W. Nielsen, Ragnheiður Þóra Kolbeins, Ragnheiður Nielsen, Sjöfn Sigsteinsdóttir, Sólveig Kristjánsdóttir, Sveinbjörn Steinþórsson, Sverrir Elefsen, Þorsteinn Jónsson, Þórdís Högnadóttir.

Yfir Hvítasunnuhelgina voru:

Aðalsteinn Svavarsson, Anna Línal, Ásdís Gissuradóttir, Garðar Briem, Leifur Þorvaldsson, Ragnar Th. Sigurðsson.



Hulda Filippusdóttir, Árni Kjartansson, Ragnheiður og Ólafur Nielsen og Sólveig Kristjánsdóttir á Brúðarbungu. – Ljósmynd/Photo. Magnús T. Guðmundsson.



Heitavatnsbor og sleðahýsi komið fyrir í Gjálpi. Í baksýn er sigketill með leysingarvatnspoli í botni. – Ljósmynd/Photo. Magnús T. Guðmundsson.



Við gosstöðvarnar í Grímsvötnum. Horft til Gríðarhorns. – Ljósmynd/*Photo*. Magnús T. Guðmundsson.



Á gosstöðvunum í Grímsvötnum. Horft til vesturs. – Ljósmynd/*Photo*. Magnús T. Guðmundsson.



Í Efri Hveradal í Kverkfjöllum. – Ljósmynd/Photo. Magnús T. Guðmundsson.



Hluti hópsins á Skarphéðinstindi í Kverkfjöllum. – Ljósmynd/Photo. Magnús T. Guðmundsson.